DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 08:42:20 GMT
Birgir Örn Arnarson
Birgir Örn Arnarson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 09:34:49 GMT
Arnór Gunnarsson
Arnór Gunnarsson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 10:38:57 GMT
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Ólöf Hildur Pálsdóttir
Reason: Signature

SAMÞYKKTIR

SIV Credit Fund slhf.

1 Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur

1.1 Félagið er samlagshlutafélag og er nafn þess SIV Credit Fund slhf.

1.2 Heimilisfang félagsins er Ármúli 3, 108 Reykjavík.

1.3 Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfssemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins.

1.4 Með þeim takmörkunum sem fram kemur í grein 2 í samþykktum þessum er félaginu óheimilt að fjármagna fjárfestingar með lántöku eða ábyrgðum nema til að brúa fjármögnun félagsins ef til þess kemur að ráðast þurfi í fjárfestingu áður en fjármunir hafa borist í samræmi við fjárfestingarloforð (áskriftarloforð). Heildarskuldsetning félagsins eða ábyrgðir vegna þessa mega þó ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 10% af heildarfjárfestingarloforðum.

1.5 Ábyrgðaraðili félagsins er SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúli 3, 108 Reykjavík.

1.6 Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar félagsins.

1.7 Grunnmynt félagsins er íslensk króna (ISK).

1.8 Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

1.9 Engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréf félagsins.

1.10 Þar sem ákvæði samþykkta þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

2 Hlutafé félagsins

2.1 Hlutafé félagsins er kr. 2.092.000.000 (krónur tvöþúsundníutíuogtvær milljónir). Hlutaféð skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma.

2.2 Ábyrgðaraðili ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðila er ekki skylt að leggja fram hlutafé. Sé ábyrgðaraðili jafnframt eigandi hlutafjár, gilda um það sömu reglur og um annað hlutafé, og nýtur ábyrgðaraðili hvorki aukinna réttinda, né hvíla á honum auknar skyldur vegna þeirrar hlutafjáreignar. Hlutdeild ábyrgðaraðila í skiptingu hagnaðar og taps ræðst af hlutafjáreign hans, sé hún til staðar, en ella skal hún engin vera.

2.3. Hluthafi, sem ekki er jafnframt ábyrgðaraðili, ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hluti sína í félaginu.

2.4 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til hækkunarinnar sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt

að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokki í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur getur ákveðið lækkun hlutafjár með sama atkvæðamagni og þarf til að breyta samþykktum þessum.

2.5 Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 0,- (krónur núll) að nafnverði. Hækkunin takmarkast hverju sinni við samþykkt áskriftarloforð. Hækkunarheimild samkvæmt þessu gildir til 30. apríl 2028 að því marki sem hún er enn þá ónotuð. Stjórn félagsins er heimilt að breyta samþykktum þessum í samræmi við það sem leiðir af hlutafjárhækkun.

2.6 Verði áskrifandi ekki við kröfu um greiðslu áskriftarloforðs á gjalddaga er félaginu heimilt (en þó aldrei skylt) að taka brúarlán sem nýtt skal til greiðslu á ógreiddu áskriftarloforði og skal félaginu unnt að krefja áskrifanda um þann kostnað sem af þeirri lántöku hlýst, til viðbótar við dráttarvexti, s.s. vegna lántökugjalds, gengishækkana og hvers kyns annars kostnaðar sem leiða kann af töku brúarlánsins. Kjósi félagið ekki að taka brúarlán vegna áskriftarinnar verður áskriftarhlutur boðinn öðrum hluthöfum eða nýjum fjárfestum til kaups.

Nú stendur áskrifandi ekki við greiðslu áskriftarloforðs við hlutafjáraukningu, þrátt fyrir að félagið hafi skorað á hluthafann að greiða fjármuni inn til félagsins í samræmi við fjárfestingarloforð sín og gefið honum mánaðar frest til þess með sannanlegum hætti. Er stjórn félagsins, með samþykki ábyrgðaraðila, þá heimilt að minnka eignarhlut vegna fyrri fjárfestingar hluthafans um allt að 100% og fellur sá eignarhlutur til félagsins og jafnframt missir hluthafi rétt til hagnaðar af fjárfestingum eftir greiðslufallið. Komi til greiðslufalls er félaginu heimilt að bjóða öðrum hluthöfum eða fjárfestum að nýta sér hið óefnda fjárfestingarloforð. Skráðir hluthafar skulu hafa forgang í samræmi við hlutfall hlutafjárloforða. Það sama á við ef fjárfestir stendur ekki við greiðslu áskriftarloforðs vegna skuldabréfa.

2.7 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög og skrá í hana nafn eiganda hvers hlutar í félaginu ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverju sinni. Hlutaskráin skal vera geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Stjórn er heimilt að gefa hlutabréf félagsins út með rafrænum hætti.

2.8 Stjórn félagsins er heimilt að gefa út skuldabréf að fjárhæð allt að kr. 8.368.000.000 (krónur átta milljarðar þrjúhundruð sextíuogátta milljónir) til þess að fjármagna starfsemi félagsins („skuldabréfaútgáfan“) og skal óska eftir skráningu þeirra á skipulegan verðbréfamarkað. Nánar tiltekið mun skuldabréfaútgáfan felast í útgáfu eins skuldabréfaflokks sem verður skráður og tekinn til viðskipta í Kauphöll Íslands (NASDAQ OMX Iceland hf.). Skuldabréfaflokkurinn verður opinn og stjórn félagsins hefur heimild til þess að stækka flokkinn eftir umfangi félagsins í allt að lokastærð kr. 8.368.000.000 (krónur átta milljarðar þrjúhundruð sextíuogátta milljónir)að nafnvirði.

2.9 Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en ábyrgðaraðila þess hefur verið tilkynnt um eigendaskiptin skriflega.

2.10 Félaginu er óheimilt að veðsetja eignir og tekjur félagsins. Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er ekki heimilt að kaupa eigin hluti. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft og hefur eignast með öðrum hætt sbr. grein 2.6.

2.11 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu og hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema landslög standi til annars eða í samræmi við samþykktir félagsins.

3 Hluthafafundur

3.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum hluthafafundar.

3.2 Aðalfund félagsins skal halda innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum greina 3.3 og 3.4.

Á aðalfundum skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
c) Kosning ráðgjafaráðs um hagsmunaárekstra.
d) Samþykkt stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar.
e) Endurskoðendur skulu kosnir.
f) Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
g) Kynning á eignasafni félagsins.
h) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

3.3 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi, stjórn, ábyrgðaraðili eða þegar hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjár krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni.

3.4. Hluthafafundi skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti, nema hluthafi hafi óskað eftir skriflegri boðun. Til aðalfundar skal boðað með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

3.5. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helming hlutafjár í félaginu hið minnsta. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

3.6. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Halda skal sérstaka fundargerðarbók og skrá þar það sem gerist á hluthafafundum, þar með talið fundarsamþykktir og úrslit atkvæðagreiðslna og almenna fundargerð.

3.7 Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Breytingar á félagssamþykktum skulu bornar undir hluthafafund og þurfa þær að hljóta samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum hlutafjár félagsins.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

3.8. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

3.9 Ekki er heimilt að skipta um ábyrgðaraðila nema með samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum hlutafjár félagsins. Hlutir í eigu rekstraraðila, aðila innan samstæðu rekstraraðila eða sjóða í rekstri hans, hafa ekki atkvæðisrétt m.t.t. þessa og eru því undanskildir.

3.10 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið í dagskrá er það því ekki til fyrirstöðu að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

4 Félagsstjórn og framkvæmdastjórn

4.1 Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra í samræmi við grein 4.4 í samþykktum þessum. Til að skuldbinda félagið þarf undirritun allra stjórnarmanna ábyrgðaraðila.

4.2 Allar fjárfestingar skulu bornar undir og samþykktar af öllum stjórnarmönnum, að fenginni tillögu frá rekstraraðila. Þetta á einnig við um sölu eigna og skilmálabreytingar skuldaskjala í eigu félagsins.

Stjórn skal framfylgja fjárfestingarstefnu félagsins, þar sem fram skulu koma helstu viðmið um fjárfestingar.

4.3 Allir fjárfestingarkostir skulu bornir undir stjórn félagsins til ákvörðunar og skal stjórn að jafnaði samþykkja fyrirfram áætlun vegna utanaðkomandi kostnaðar sem áætlað er að geti fallið á

félagið vegna fjárfestingarinnar eða vegna ákvarðana að öðru leyti. Um þetta skal nánar kveðið um í samningi við rekstraraðila.

4.4 Stjórn félagsins felur rekstraraðila framkvæmdarstjórn og umsýslu með daglegum rekstri skv. samningi. Rekstraraðili skv. samningi er SIV eignastýring hf. kt. 581022-0850.

Gera skal sérstakan samning um hlutverk þessa aðila og skulu slíkir samningar vera á viðskiptalegum forsendum og uppsegjanlegir. Rekstraraðili félagsins ber ábyrgð á athugun á fjárfestingarkostum, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar og sölu eigna, eftirfylgni með fjárfestingum og sölu eigna.

Skipta skal um rekstraraðila félagsins sé tillaga þess efnis samþykkt af hluthöfum sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum hlutafjár félagsins og jafngildir það jafnframt uppsögn á rekstrarsamningi félagsins við rekstraraðila. Hlutir í eigu rekstraraðila eða sjóða í rekstri hans, móðurfélags rekstraraðila eða annarra dótturfélaga þess hafa ekki atkvæðisrétt m.t.t. þessa og eru því undanskildir. Sé skipt um rekstraraðila skal ábyrgðaraðili jafnframt á sama tíma leystur undan hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili og félaginu skipaður nýr ábyrgðaraðili. Umsýsluþóknun rekstraraðila skal jafnframt gerð upp í samræmi við samninga um rekstur og umsýslu félagsins.

4.5 Ráðgjafaráð um hagsmunaárekstra skal skipað þremur fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hlutverk ráðgjafaráðs er að veita rekstraraðila ráðgjöf við að meta hagsmunaárekstra sem mögulega kunna að koma upp við fjárfestingar félagsins gagnvart rekstraraðila ásamt öðrum þáttum sem rekstraraðili óskar eftir. Telji rekstraraðili mögulega hagsmunaárekstra vera til staðar ber honum að leita ráðgjafar hjá ráðinu sem skal veita álit um að ekki séu óeðlilegir hagsmunaárekstrar til staðar áður en fjárfest er. Leita skal samþykkis hjá ráðgjafaráðinu áður en fjárfesting er lögð fyrir stjórn og skal stjórn upplýst um mögulega hagsmunaárekstra og álit ráðgjafaráðs.

5 Endurskoðun

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag fyrir félagið. Skulu þeir endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

6 Ársreikningur – upplýsingagjöf til hluthafa

6.1 Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

6.2 Hluthafar skulu eiga rétt á hálfsárs uppgjöri, ásamt upplýsingum um stöðu og starfsemi félagsins ársfjórðungslega í formi skýrslu frá rekstraraðila eða árshlutauppgjör liggi það fyrir. Upplýsingagjöf til hluthafa skal vera á ábyrgð rekstraraðila.

6.3 Virði eigna félagsins skal metið a.m.k. tvisvar (2) sinnum á ári, þ.e. í árslok og um mitt ár. Verðmæti hreinnar eignar félagsins ber að greina í íslenskum krónum. Virði eigna félagsins í árslok skal háð mati rekstraraðila undir eftirliti endurskoðanda og vörsluaðila eftir því sem ákveðið er af stjórn félagsins hverju sinni. Vegna fyrirhugaðar skráningar skuldabréfa sem útgefin eru af félaginu og tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands (NASDAQ Iceland) fer um upplýsingagjöf félagsins sem útgefanda skv. reglum sem gilda um útgefendur skráðra skuldabréfa hverju sinni.

6.5 Ársreikningar skulu vera öllum aðgengilegir.

7 Önnur ákvæði

7.1 Með tillögu um slit og skipti á félaginu, breytingu í hlutafélag eða samruna við annað félag eða önnur félög skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum væri að ræða.

7.2 Sérhver hluthafi er skyldugur til, án sérstaks samþykkis af sinni hálfu, að hlíta reglum félagsins eins og þær eru nú eða eins og þeim kann síðar að verða breytt með lögmætum hætti.

Samþykktar þessar voru staðfestar á stofnfundi félagsins í Reykjavík, 19. október 2023, með breytingum þann 3. janúar 2024.

Réttar samþykktir staðfestir stjórn félagsins:

_____ _____

Ólöf Hildur Pálsdóttir Arnór Gunnarsson

_____

Birgir Örn Arnarson